

## **Pverpólítísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu**

Annar fundur nefndar. Haldinn í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 3, dags. 31.05.2018. Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Albertína Friðbjörg Elíasdóttir (í gegnum síma), Dagbjört Jónsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Ólafur Ísleifsson, Óli Halldórsson, Steinar Kaldal, Valtýr Valtýsson, Vilhjálmur Árnason, Bergbór Ólason og Halldóra Mogensen.

**Fjarverandi:** Hanna Katrín Friðriksson, Steingrímur J. Sigfússon.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Fundartímar og vettvangsferðir, vinnusvæði, vefsíða, samráðsgátt.**

Fundartímar: Verkefnisstjóri fór yfir tillögur að föstum fundartímar nefndar út árið 2018. Eftirfarandi tímar voru lagðir til: Þriðjudaga kl. 11:30-13:00 - 7. ág., 4. sept., 2. okt., 6. nóv., 4. des.

Bent var á að 7. ágúst gengi líklega ekki upp og var lagt til að sá fundartími yrði færður aftur um viku, eða til 14. ágúst.

Vettvangsferðir: Farið var yfir væntanlegar vettvangsferðir nefndar. Stefnt er að fara í fimm ferðir í ágúst og byrjun september og hitta sveitastjórnarfulltrúa eftirfarandi sveitarfélög sem fara með skipulagshlutverk á miðhálandinu (auk Flóahrepps v. upprekstrarréttinda og Norðurþings v. Vatnajökulsþjóðgarðs):

**1** Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur

**2** Borgarbyggð, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur

**3** Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing

**4** Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur

**5** Hornafjörður, Fljótdalshreppur, Fljótdalshérað, Djúpvogur.

Auk þess að hitta sveitastjórnarfulltrúa yrði auglýstur opinn fundur þar sem verkefni nefndar yrðu kynnt.

Fram kom að verkefnisstjóri hefur sett sig í samband við Samband íslenskra sveitarfélaga og óskað eftir aðstoð þess við að skipuleggja fundina.

Nefnd benti á að mjög erfitt yrði að komast í ferðir í lok ágúst vegna nefndarstarfa á þingi og funda erlendis og verður reynt að hafa það til hliðsjónar við skipulagningu ferðanna. En einnig kom fram að líklega myndu þessir fundir skarast á við aðra dagskrá nefndarmanna. Mikilvægast væri að þessir fundir færu fram svo hægt væri að nýta sér það sem þar kæmi fram í þeim verkefnum sem framundan eru hjá nefndinni.

Næst fór verkefnisstjóri yfir hvaða vinnusvæði yrði notað í nefndarstörfunum. Ákveðið var að notast við Microsoft TEAMS forritið sem vinnusvæði nefndar og lét verkefnisstjóri nefndarmenn vita að hann hefði útbúið teymishóp og sent öllum tölvupóst með upplýsingum um það.

Vefsíða nefndarinnar [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid) var kynnt fyrir nefndinni, en þar verður hægt að kynna sér almennar upplýsingar um nefndina, lesa samþykktar fundargerðir, fundarglærur og fræðsluefni. Einnig var sagt stuttlega frá samráðsgáttinni [www.samradsgatt.island.is](http://www.samradsgatt.island.is). Þar verða verkefni nefndar sett inn jafnóðum og þau hafa verið unnin af nefnd og allur almenningur getur glöggvað sig á þeim tillögum sem koma fram og gert við þær athugasemdir. Þá sagði verkefnisstjóri frá opnum kynningarfundum verkefnisins sem fór fram 4. júní.

*Ákveðið að stefna að því að fylgja framlögðu verklagi varðandi hagnýtar lausnir og upplegg við ferðir og fundahald að loknu sumri.*

## **2. Ný stofnun náttúruverndarmála – Kynning Jóns Geirs Péturssonar, skrifstofustjóra skrifstofu landgæða, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.**

Jón Geir byrjaði á að nefna að vinna nefndarinnar væri gríðarlega mikilvæg fyrir framgang náttúruverndar í landinu í ljósi umfangs verkefnisins. Jón Geir nefndi einnig að á skrifstofu landgæða væru sérfræðingar reiðubúnir til að aðstoða nefndina í sínum verkefnum ef þörf væri á.

Því næst kynnti Jón Geir áætlanir um nýja stofnun náttúruverndarmála. Kom fram í hans máli að hugmyndin þar væri að sameina krafta eftirfarandi stofnana sem fara með náttúruverndarmál á Íslandi: Þingvallabjórðgarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs og náttúruverndarhluta Umhverfisstofnunar (þar undir heyrir þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og önnur friðlýst svæði á landinu). Sagði Jón Geir frá því að 2017 hefði verið skipuð nefnd fulltrúa þessara þriggja stofnanna auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa ráðuneytisins. Sú vinna gekk vel að mati Jóns Geirs og leiddi fram mikilvægar umbætur sem ávinningur væri fólgin í að mati þeirrar nefndar. Þar væri í grunninn verið að horfa til þess að stofnunin byggi á valddreifingu og samvinnu sveitarfélaga og ríkis og annarra hagsmunaaðila.

Í máli Jóns Geirs kom fram að ráðuneytið sæi umrædda stofnun sem eina af forsendum fyrir vinnu þjóðgarðsnefndarinnar, að það verði til stærris, traustari umgjörð sem að liggi að baki stóru og krefjandi verkefni eins og miðhálandisþjóðgarði.

Á fundinum komu fram þau sjónarmið að þegar kæmi að nýrri stofnun væri mikilvægt að huga að menningarminjum ekki síður en náttúruvernd í ljósi þess að t.d. Þingvallabjórðgarður hefði fyrst og fremst verið stofnaður vegna menningarsögulegs gildis.

Einnig var nefnt að nauðsynlegt væri að huga vel að því hvert hlutverki stofnunarinnar yrði, þ.e.a.s. hvort að hlutverk hennar væri aðallega almennur rekstur (t.d. sameiginleg stefnumörkun og meginstjórnsýsla) en dagleg stjórnun færi fram innan eininganna.

Þá kom fram í máli nefndarmanna að mikilvægt væri að umrædd stofnun hefði skýrt umboð. Það væri mikilvægt að einingarnar hefðu trausta stofnun til að styðja við sitt starf ef horfa ætti til þess að um dreifstýrt kerfi væri að ræða.

*Í lok dagskrárliðar var sammælt um að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Þjóðgarðsnefnd ættu gott samráð um framvindu nýrrar stofnunar náttúruverndarmála í ljósi samlegðaráhrifa þess verkefnis og stofnunar miðhálandisþjóðgarðs.*

### **3. Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf.**

Verkefnisstjóri hélt glærukynningu. Glæsur fundarins má finna á [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid)

### **4. Atvinnustefna þjóðgarðsins.**

Verkefnisstjóri hélt glærukynningu. Glæsur fundarins má finna á [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid)

### **5. Umræður um dagskrárliði 3 og 4.**

Fram kom að það gæti skapast tækifæri til samfélagssáttar um náttúruvernd ef lögð yrði áhersla á samræmt, valddreift verklag yfir stórt svæði í ferlinu við stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Einnig gæti falist aukin tækifæri í þjónustu vegna mögulegs þjóðgarðs (veitingar, gisting, fræðsla, o.fl.). Þá var nefnt að þjóðgarðinum gætu fylgt auknar rannsóknir á landsvísu og ný þekking skapast við að fara um svæði með ákveðnum hætti.

Nefnt var að það lægju tækifæri í mörkun vara (e. branding) sem kæmu frá áhrifasvæði þjóðgarðs og að ef til vill hefði þess konar mörkun ekki verið nýtt nægilega vel hér á landi í tengslum við framleiðslu ýmis konar vara, með þeirri undantekningu að Hornafjörður hefur nýtt sér nálægð við þjóðgarðinn í tengslum við vörur sem framleiddar eru þar.

Þá var nefnt þjóðgarðurinn gæti skapað tækifæri í nærsamfélögum til að byggja upp þekkingar/rannsóknarsetur þar sem sagan, jarðfræðin, menningin og náttúran yrði rannsökuð nánar og ferðamenn fræddir um þessi málefni á staðnum.

Rætt var um tækifærin sem gætu falist í lífrænum landbúnaði og mörkun hans innan þjóðgarðs. Fram kom að þetta væri ekki nýtt nægilega vel hér á landi, þ.e.a.s. að tengja þetta tvennt saman. Og að mikilvægt væri að öll virðisikeða vörunnar væri tekin til skoðunar í ljósi strangra krafa um umhverfisvottanir inn á mikilvæga markaði erlendis.

Nefnt var að þjóðgarður gæti skapað sátt um nýtingu náttúrugæða, þ.e. úthlutun til þeirra sem gætu skapað atvinnu við að nýta takmarkaðar auðlindir (t.d. íshella, víðerni) á sjálfbæran hátt.

Rætt var um að mikilvægt væri að tækifærin þyrftu að byggja á gæðum. Ferðamenn væru að leita eftir ákveðinni upplifun hér á landi og því væri mikilvægt að þjóða upp á góð gæði og vörur sem hefðu sanngildi (e. authenticity value.). Ef stefnumörkun byggðist á þess konar gæðastýringu og framtíðarsýn fælust einnig í því tækifæri fyrir framtíðarkynslóðir til að byggja á.

Í framhaldi ef þessu var rætt um að það lægju tækifæri í nýframkvæmdum og viðhaldi í nýjum þjóðgarði og nefndin þyrfti að vera meðvituð um að þetta skipti máli í samtali við nærsamfélögin. Nefndin þyrfti að geta svarað því í lok sinnar vinnu hvernig hún sæi fyrir sér strúktúrinn varðandi þessa þætti.

Þá var nefnt að mögulega fælust tækifæri í því að fá samstarfsaðila að rekstri þjóðgarðs. Þau sjónarmið komi fram að ef t.d. atvinnulífið tæki þátt í verkefninu þá væru auknar líkur á því að verkefnið yrði ekki vanfjármagnað.

Nefnt var að mikilvægt væri að nefndin væri meðvituð um hvað er verið að vernda, fyrir hverju og hvernig ætti að standa að því, og að vinna nefndar skilaði þeim árangri að gæðin tengd svæðinu yrðu meiri til frambúðar.

Í lok umræðna var kallað eftir punktum um atriði sem helst hefur steytt á í umræðum um miðhálandisþjóðgarð og eru líkleg til að vera þröskuldar í vinnu nefndarinnar. Gott væri fyrir nefndina að glöggva sig á þeim. Verkefnisstjóra var falið að taka saman yfirlit um það.

Formaður lauk fundi á því að minna nefndarmenn á fundir nefndar yrðu ekki mjög margir og tímarammi vinnunnar væri knappur. Því væri mikilvægt að hugsa verkefnið einnig sem lifandi vinnutíma á milli funda og nauðsynlegt að allar tillögur nefndarmanna og hugmyndir bærust til verkefnisstjóra frá nefndarmönnum.

Fleira gerðist ekki og lauk fundi 12:55